

## **Framboð í stjórn NMK og formennsku nefnda innan NMK**

Nemendafélag Menntaskólans í Kópavogi, NMK, starfar í umboði skólans og er skólameistari ábyrgðarmaður alls sem nemendafélagið gerir.

Sú krafa er gerð til nemenda sem ætla að bjóða sig fram til embætta NMK að þau séu jákvæðir leiðtogar, góðar fyrirmyndir og vilji vinna með skólastjórnendum, félagslífs- og forvarnarteymi skólans og öðru starfsfólki MK í þágu allra nemenda.

### **Auknar kröfur eru gerðar til nemenda sem ætla að bjóða sig fram í stjórn NMK og miðstjórn (þ.e. formenn nefnda). Kröfurnar eru eftirfarandi:**

- Frambjóðendur mega ekki hafa fengið viðvörun vegna agabrota né ítrekaðar athugasemdir vegna hegðunar á yfirstandandi skólaári (haust 2025 og vor 2026).
- Frambjóðendur þurfa að hafa 90% mætingu (miðað við önn) að lágmarki á yfirstandandi skólaári, enda telst mæting undir 90% vera agabrot.
- Frambjóðendur þurfa að hafa sinnt námi sínu og hafa staðist lágmarkskröfur um námsframvindu ([sjá skólareglur mk](#)).
- Þegar stjórn og nefndir hafa verið skipaðar þurfa stjórnarmeðlimir að skrifa undir samstarfssamning við stjórnendur skólans.
- Stjórnarmeðlimir geta sótt um að fá einingar fyrir störf sín að uppfylltum ákveðnum skilyrðum ([sjá reglur á heimasíðu mk](#)).

Nemendur sem bjóða sig fram í stjórn NMK eru boðaðir í viðtal til félagslífs- og forvarnarfulltrúa skólans.